

Alþingi
Erindi nr. P 130/385
komudagur 1.12.2003



LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.lu.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. nóvember 2003

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um vernd og sjálfbæra nýtingu lífvera á hafsbotni, 31. mál.

Í þessari þingsályktunartillögu er vikið að mikilvægu máli sem brýnt er að sinna.

Mikilvægi rannsókna á samfélögum á hafsbotni og verndunar búsvæða þar sem steinkórallar (*Lophelia pertusa*) mynda breiður verður vart dregið í efa út frá þeirri þekkingu sem fram er komin. Útvegsmenn og samtök þeirra hafa sýnt þessu málefni áhuga um margra ára skeið. Mikilvægi málsins felst í því að varðveita fjölbreytni og framleiðslugetu vistkerfa hafsins til komandi kynslóða.

Þegar umræða kom fyrst upp fyrir nokkrum árum um viðkvæm samfélög kóralla á hafsbotni leituðu samtök útvegsmanna eftir upplýsingum hjá Hafrannsóknastofnuninni um hvar kórallabreiður væri að finna, með það í huga að slík svæði yrðu friðuð eftir því sem við ætti. Í ljós kom að slíkar upplýsingar lágu ekki fyrir á þeim tíma, en jafnframt að Hafrannsóknastofnunin væri að hefjast handa við öflun slíkra upplýsinga. Sú vinna er nú komin vel á veg og lengra en fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni. Upplýsingar þessar koma bæði úr BioIce verkefninu og úr viðtölum við skipstjórnarmenn, bæði þá sem nú starfa og eins eldri menn sem hætt hafa sjómennsku. Upplýsingarnar benda til þess að ekki sé um mjög víðfeðm svæði að ræða hér við land.

Í ljósi þess að upplýsingar liggja nú að miklu leiti fyrir er orðið tímabært að gripið sé til verndaraðgerða. Nákvæmar fullnaðarupplýsingar um útbreiðslu kórallabreiða munu þó vart liggja fyrir fyrr en unnt verður að kanna svæðin af meiri nákvæmni og mynda þau með neðansjávarmyndavél, en ætlunin mun vera að Hafrannsóknastofnunin eignist slíka

myndavél á næsta ári. Þegar slíkar myndir liggja fyrir mætti síðan afmarka svæðin af meiri nákvæmni en nú er unnt.

Í ljósi ofanritaðs styðjum við að þingsályktunartillagan verði samþykkt. Jafnframt leggjum við áherslu á að náið samráð verði haft við samtök útvegsmanna við frekari vinnslu málsins.

Virðingarfyllt,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna



Friðrik J. Arngrímsson